

# Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

4. TBL. 28. ÁRG. 2022



VIÐTAL VIÐ ÓSKAR  
MAGNÚSSON

8-19

MÁLSTOFA UM  
OPINBER STÖRF

13-15



- 4 SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON  
Pistill formanns
- 8 ARI KARLSSON  
Frá ritstjórn
- 10 VIÐTAL VIÐ ÓSKAR MAGNÚSSON  
Hef skáldað mér friðhelgi
- 13 ARI KARLSSON  
Málstofa um opinber störf

- 16 INGIMAR INGASON  
Af vettvangi félagsins
- 18 ARI KARLSSON  
Viðtækara hlutverk og valdsvið  
kærunefndar jafnréttismála
- 20 EYRÚN INGADÓTTIR  
Bókmenntir og lög
- 22 GYÐA HJARTARDÓTTIR  
Það er ekki skilnaðurinn sjálfur  
sem veldur skaða

- 24 EYRÚN INGADÓTTIR  
Pattstaða í dómkerfinu
- 26 VIÐTAL VIÐ ÓLAF H. RAGNARSSON  
Hef bara tíma fyrir gott fólk

**Lögmannafélag Íslands**

Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Netfang: [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)  
Heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður**

Ari Karlsson lögmaður  
Netfang: [ari@lmg.is](mailto:ari@lmg.is)

**Aðstoðarritstjóri**

Eyrún Ingadóttir

**Ritnefnd**

Arnar Vilhjálmur Arnarsson lögmaður  
Hildur Þórarinsdóttir lögmaður  
Ingi B. Poulsen lögmaður  
Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður

**Stjórn LMFÍ**

Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður, formaður  
Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður  
Geir Gestsson lögmaður  
Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður  
Tómas Eiríksson lögmaður

**Varastjórn LMFÍ**

Eva Halldórsdóttir lögmaður  
Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður  
Magnús Hrafn Magnússon lögmaður

**Starfsmenn LMFÍ**

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri  
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri  
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur  
Dóra Berglind Torfadóttir bókari og ritari

**Forsíðumynd**

Vetrarstilla  
Ljósmyndari: Ingimar Ingason


**PRENTVINNSLA**

Litlaprent ehf.

**UMSJÓN AUGLÝSINGA**

Öflun ehf., sími: 530 0800  
ISSN 1670-2689

Auðvelt  
Öruggt  
Þægilegt



Nafn  
Númer kassa  
Innihald  
Geymslutími



## Við varðveitum gögnin þín

- Þú hringir í 587 9800 eða sendir okkur tölvupóst
- Við komum með tóma kassa og strikamerki
- Þú skráir gögnin, setur í kassana, límir strikamerkin á og lætur okkur vita
- Við komum og förum með kassana í örugga geymslu þar sem þú hefur alltaf aðgang að þeim
- Við pössum gögnin í vöktuðu rými við bestu aðstæður þangað til þú vilt fá þau aftur, skoða þau eða taka til þín



**Einfalt ekki satt**



**GAGNAGEYMSLAN**

Gagnageymslan ehf. · Smiðshöfða 1, 110 Reykjavík · 587 9800  
www.gagnageymslan.is · gagnageymslan@gagnageymslan.is

# FORMANNSPISTILL

SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON LÖGMAÐUR  
FORMAÐUR



Nýlega birtist í Tímariti lögfræðinga fræðigrein eftir Reimar Pétursson, fv. formann LMFÍ, þar sem hann fjallar um skilyrði veitingar lögmansréttinda. Greinin ætti að vera skyldulesning fyrir alla starfandi lögmenn, en þar er m.a. fjallað um réttarheimspekilegan grundvöll réttinda og skyldna lögmanna. Þá er vitnað til ræðu Skúla Magnússonar á 100 ára afmæli LMFÍ, efnislega á þá leið að þótt réttarríkið byggist á þeirri hugsun að löggin séu skýr og ágreiningslaus, þá séu löggin yfirleitt óskýr og deilt um inntak þeirra. Eftirfarandi tilvitnun í sömu ræðu hefur svo staðið í mér:

„Thus lawyers are an interface between the public and institutions entrusted with upholding the law and enforcing people’s rights in particular the Courts. Without access to lawyers, there can be no adequate access to justice; and without access to justice, society cannot be ruled by law.“

Það er nefnilega þannig að réttindi borgaranna sem þeim eru tryggð í stjórnarskrá, mannréttindasamningum og lögum, eru haldlítill ef borgararnir hafa ekki möguleika til að neyta þeirra, s.s. með því að leita úrskurðar eða dóms um réttindi sín og skyldur. Hvað eru annars samningar, sáttmálar eða stjórnarskrárvarin réttindi sem ekki er hægt að framfylgja eða fullnusta, annað en viljayfirlýsingar?

Almennt er það þannig í samfélagi okkar að borgarnir þurfa sjálfir að standa undir kostnaði sem felst í því að njóta aðstoðar lögmanna. Þó er það svo að lög- og stjórnarskrárgjafinn hafa komist að niðurstöðu um að sum réttarsvið varði svo mikilsverða hagsmunum að ríkisvaldinu beri að standa undir þeim kostnaði sem af hlýst. Þessum ákvæðum um réttaraðstoð má t.d. finna stað í barnalögum, barnaverndarlögum, löggræðisögum, útlendingalögum og lögum um meðferð sakamála.

LMFÍ hefur lengi barist fyrir hækkun viðmiðunargjalds verjenda-launa. Segja má að nokkur straumhvörf hafi orðið í þeirri baráttu í kjölfar þess að LMFÍ aflaði álitserðar Dr. Hersis Sigurgeirssonar í formannstíð Berglindar Svavarsdóttur um rekstrar- og launakostnað lögmanna. Álitserðinni hefur svo verið fylgt eftir gagnvart dómstólasýslunni sem hefur tekið mið af sjónarmiðum okkar og hækkað tímagjaldið úr kr. 19.000 í kr. 24.300, sbr. reglur nr. 2/2022 og 1/2023.

Í þessu sambandi þarf svo að gæta að c-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem mælir fyrir um rétt til verjanda að eigin vali og að sakborningur skuli fá lögfræðiaðstoðina „ókeypis“ hafi hann ekki nóg fé til að greiða hana sjálfur og það sé nauðsynlegt vegna réttvísinnar. Ég efast um að óljós framkvæmd innheimtu dæmids sakarkostnaðar samræmist þessu skilyrði og dómaframkvæmd MDE, í það minnsta er ljóst að sakborningar eru dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar í hverri viku án tillits til fjárhagsstöðu þeirra.

Eftir sitja samt önnur réttarsvið, en sem dæmi mætti nefna að tímagjald lögmanna sem veita hælisleitendum réttaraðstoð er ákveðið kr. 16.500 og tímagjald lögmanna í barnaverndarmálum getur jafnvel verið á þessu reiki. Ég fæ ekki séð að nokkur rök standi til þess, en ljóst er að sparnaðarsjónarmið ríkisvaldsins geta ein og sér ekki verið ákvörðunarástæða gjaldsins.

Hvað gjafsókn varðar er það skoðun undirritaðs að skilyrði hennar séu of þröng. Þá sýnir reynslan að lögmansstörf sem unnin eru samkvæmt gjafsóknarleyfi fást af einhverjum sökum verr greidd en önnur, þ.e.a.s. að dæmdur gjafsóknarkostnaður er lægri en almennt gerist við ákvörðun málskostnaðar í einkamálum þar sem ekki hefur verið veitt gjafsókn. Ekki veit ég hverju þetta sætir, og minnst ég þess ekki að hafa séð rökstuðning frá



1 SYSTEMS  
**OneRecords**  
Mála- og skjalakerfi

**ÖFLUGT**  
mála- og skjalakerfi  
sem hentar vel fyrir  
**LÖGMANNSTOFUR**

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



**Meðal viðskiptamanna:**

Logos lögmenn, Patice lögmenn,  
Draupnir lögmenn, Jónatansson  
lögmenn



1 SYSTEMS  
**OneDrag&Drop**  
Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í  
málakerfið á rétt mál með  
einni aðgerð.  
Draga skjöl á sameiginlega  
drifinu yfir í málakerfið  
með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.  
Dagleg afritunartaka gagna.



Hægt að fá iPad lesaðgang.  
(spjalddölvulesaðgangur að kerfinu)

One býður hagkvæmar lausnir  
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

dómstólum hvers vegna víkja bæri færi frá gjaldskrá lögmanns, svo sem eðlilegt væri. Ég veit til þess að sumir dómáram hafa stundum litið til Hrd. 831/2017 frá 18. janúar 2018, sem einhvers konar viðmið en þar ákvarðaði Hæstiréttur kr. 1.800.000 án vsk. fyrir 89,25 tíma vinnu, þ.e. kr. 20.150 á klukkustund án vsk. Af dómi Hæstaréttar má ekki ráða að ágreiningurinn hafi lotið að sjálfu tímagjaldinu, heldur hvort tímafjöldinn teldist hæfilegur. Sé miðað við álitserð Dr. Hersis væri uppreiknað tímagjald í ofangreindu máli í það minnsta kr. 26.200 án vsk.

Hér er því augljóslega verk að vinna. Við eigum að bera virðingu fyrir störfum okkar og verðleggja tíma okkar í samræmi við framlag og mikilvægi starfa okkar.

Að lokum þetta. Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs. Ég vona að öll fáum við notið hátíðanna í friði og faðmi fjölskyldu og ástvina. Reynum að slaka svolítið á, taka tíma fyrir sjálfa okkur og fylla á tankinn. Svo höldum við áfram veginn árið 2023.



  
Viðskiptalögfræði  
í 20 ár

**Vilt þú bæta við þig viðskiptalögfræði?**

Viðskiptalögfræðingar brúa bilið milli  
viðskipta og lögfræði

 HÁSKÓLINN  
Á BIFRÖST

**bifrost.is**



*Gleðileg jól, farsælt komandi ár*



LANDSLÖG | LÖGFRÆÐISTOFA



juris



LOGOS  
Reykjavík · London



BBA // FJELDGO

LR  
Lögfræðistofa Reykjavíkur



# UM FORM OG EFNI

ARI KARLSSON  
RITSTJÓRI



Á fundum í ónefndum félagasamtökum kom iðulega fyrir að félagsmaður einn tæki til máls. Óháð því máli sem var á dagskrá viðkomandi fundar hóf félagsmaðurinn mál sitt alltaf á sama hátt. Hann væri kominn upp undir viðkomandi dagskrárlið til þess að ræða form málsins en ekki efni þess. Í framhaldinu ræddi viðkomandi félagsmaður þó fyrst og fremst efnið en lítið fór fyrir forminu, Viðkomandi þótti þrátt fyrir það mikilvægt að gera þennan greinarmun.

Í lögfræði erum við iðulega að fást við þennan mun á formi og efni – enda getur það haft afleiðingar að fylgja ekki ófrávíkjanlegum formreglum.

Í þessu tölublaði lögmannablaðsins er fjallað um málstofu um opinber störf þar sem annars vegar var fjallað um ráðningaferli frá sjónum lögfræðinnar og hins vegar mannauðsfræða. Enda þótt hið endanlega markmið og takmark beggja þessara fræðagreina kveði á um sama markmið þ.e. að ráða hæfasta umsækjandann í starfið er áhugavert að sjá mismunandi sýn á leiðir og aðferðir til þess að ná framangreindu takmarki. Báðar greinarnar eiga það hins vegar sameiginlegt að frumforsaða þess að komist verði að niðurstöðu er að kanna þarf rækilega hvernig umsækjendur uppfylli hæfiskröfur um viðkomandi starf og þá að bera þarf saman með forsvaranlegum hætti mismunandi umsækjendur til þess að komast að niðurstöðu.

Það er vandasamt og viðkvæmt viðfangsefni að velja á milli fólks. Því skiptir miklu máli að ferli sé fyrirsjáanlegt, samræmt og beitt sé réttum og forsvaranlegum aðferðum að komast að niðurstöðu. Enda þótt ákvarðanir þurfi að byggja á lögætum og málefnalegum sjónarmiðum verður ekki hjá því komist að á endanum þarf að velja á milli aðila – þ.m.t. á grundvelli

huglægra og óáþreifanlegra þátta. Í litlu landi kann þetta hins vegar að vera vandasamt.

Það má velja því fyrir sér hvort að tilhneiging sé hjá stjórnvöldum að veigra sér við að skýra raunverulega frá því hvers vegna umsækjanda sé raðað lægra en öðrum af því að það kynni að stuða eða særa viðkomandi. Þá má velja fyrir sér hvort að stjórnvöld freistist þess í stað að lyfta öðrum umsækjendum upp í öðrum þáttum sem litlu máli skipta í heildarsamhenginu, svo sem að viðkomandi sé mjög góður í erlendum tungumálum.

Þetta á samt ekki að vera svona erfitt – ef mat er byggt á forsvaranlegum og málefnalegum grundvelli – er einfaldlega óaðskiljanlegur hluti þess að greint sé frá því hvaða forsendur eru ráðandi við röðun umsækjanda í mati. Það á líka við um atriði sem kunna að vera óþægileg fyrir viðkomandi að heyra eða sem hann kann að taka persónulega eða vera ósammála um.

Á endanum þegar formreglunum hefur verið fylgt þarf nefnilega að takast á við efnið.

Að síðustu óskar ritnefnd Lögmannablaðsins lesendum blaðsins gleðilegra jóla, árs og friðar og þakkar samskiptin á árinu sem er að líða.





# Gleðileg jól, farsælt komandi ár

## REYKJAVÍK

**Afl Lögmenn ehf**  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

**Arctica Finance hf**  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík

**Atlantik Legal Services ehf**  
Grandagarði 16  
101 Reykjavík

**ÁH lögmenn**  
Vættaborgum 144  
112 Reykjavík

**Bótamál ehf**  
Arnar Vilhjálmur Arnarsson  
Elimar Hauksson  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík

**Claudia & Partners  
Legal Services ehf**  
Lágmúla 5  
108 Reykjavík

**Draupnir lögmennsþjónusta ehf**  
Borgartúni 28  
105 Reykjavík

**E. Sigurjónsson  
lögmennsstofa ehf**  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík

**E.S. Legal ehf**  
Einar Oddur Sigurðsson  
Unnsteinn Örn Elvarsson  
Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík

**Eðalklæði ehf**  
Langholttsvegi 128  
104 Reykjavík

**Forum lögmenn ehf**  
Ármúla 13  
108 Reykjavík

**Foss lögmenn ehf**  
Langholttsvegi 111  
104 Reykjavík

**Háskóli Íslands**  
Lagadeild Háskóla Íslands þakkar  
Lögmennafélagi Íslands  
samfylgdina á liðnu ári.  
Sæmundargötu 2  
102 Reykjavík

**Íslenska lögfræðistofan**  
Kringlunni 4-12  
103 Reykjavík

**Íslenskir lögmenn ehf**  
Sundagörðum 2  
104 Reykjavík

**JA Lögmenn ehf**  
Knarrarvogi 4  
104 Reykjavík

**JÁS Lögmenn ehf**  
Skólavörðustíg 3  
101 Reykjavík

**Jónatansson & Co  
lögfræðistofa ehf**  
Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík

**JS lögmennsstofa**  
Jón Sigurðsson hrl.  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík

**Juralis, lögmenns- &  
ráðgjafarstofa**  
Suðurlandsbraut 20  
108 Reykjavík

**Juris slf**  
Andri Árnason  
Halldór Jónsson  
Lárus L. Blöndal  
Sigurbjörn Magnússon  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

**K-R-S-T Lögmenn**  
Hafnarhvoli  
Tryggvagötu 11  
101 Reykjavík

**KPMG ehf**  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík

**LAG Lögmenn**  
Ingólfsstræti 5  
101 Reykjavík

**Lagahvoll slf**  
Bankastræti 5  
101 Reykjavík

**Lagarök, lögmennsstofa**  
Síðumúla 27  
108 Reykjavík

**Lagaþing sf**  
Túngötu 14  
101 Reykjavík

**Lausnir lögmennsstofa sf**  
Suðurlandsbraut 52  
108 Reykjavík

**Lögfræðiþjónusta  
Sigurðar Sigurjónssonar hrl.**  
Kirkjuteigi 21  
105 Reykjavík

**Lögmennsstofa Jóns G Briem hrl.**  
Skiptóli 50b  
105 Reykjavík

**Lögmenn Árbæ slf**  
Nethyl 2  
110 Reykjavík

**Lögmenn Laugardal ehf**  
Sundagörðum 2  
104 Reykjavík

**Lögmenn Laugavegi 3 ehf**  
Laugavegi 3  
101 Reykjavík

**Lögmenn Lækjargötu ehf**  
Laugavegi 31  
101 Reykjavík

**Lögstofa Steinbergs  
Finnbogasonar**  
101 Reykjavík

**Lögvis, lögmennsstofa**  
Skiptóli 50d  
105 Reykjavík

**Manor**  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík

**Málsefni Lögmennsþjónusta |  
Legal Iceland Law Services**  
Dögg Pálsdóttir hrl. - Páll Ágúst  
Ólafsson hdl.  
Laugavegi 178, 105 Reykjavík  
105 Reykjavík

**NORDIK lögfræðiþjónusta**  
Skólavörðustíg 24  
101 Reykjavík

**ÓK Lögmenn slf**  
Stórhöfða 29  
110 Reykjavík

**Reykviskir lögmenn slf.**  
Pósthússtræti 3  
101 Reykjavík

**Réttur - ráðgjöf & málflytningur**  
Klapparstíg 25-27  
101 Reykjavík

**Sigurjónsson & Thor ehf**  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík

**Slysabætur ehf**  
Guðjón Ólafur Jónsson hrl.  
Hrafnkell Oddi Guðjónsson hdl.  
Skólavörðustíg 12  
101 Reykjavík

**TCM innheimta ehf**  
Suðurlandsbraut 4a  
108 Reykjavík

**Vík lögmennsstofa ehf**  
Laugavegi 77  
101 Reykjavík

**Vox lögmennsstofa ehf**  
Suðurlandsbraut 4a  
108 Reykjavík

## KÓPAVOGUR

**AX Lögmennsþjónusta slf**  
Hlíðasmára 6  
201 Kópavogi

**Lögmenn Kópavogi**  
Bæjarlind 4  
201 Kópavogi

## GARÐABÆR

**PÓ ráðgjöf, lögmennsstofa Páls  
Ólafssonar**  
210 Garðabæ

## HAFNARFJÖRÐUR

**direkta.is**  
Bæjarhrauni 22  
220 Hafnarfirði

**Jónas Þór Guðmundsson hrl.**  
220 Hafnarfirði

**Lögmennsstofa Karls Jónssonar**  
Háabergi 3  
221 Hafnarfirði

**Lögmenn Thorsplani sf**  
Fjarðargötu 11  
220 Hafnarfirði

## STYKKISHÓLMUR

**Málflytningisstofa Snæfellsness**  
Borgarbraut 2  
340 Stykkishólmi

## AKUREYRI

**Almenna lögbjónustan ehf**  
Skipagötu 7  
600 Akureyri

**Íslandsréttur ehf**  
Hofsbot 4  
600 Akureyri

**Lögmennsstofa Norðurlands ehf**  
Strandgötu 19b  
600 Akureyri

## HÚSAVÍK

**Lögfræðistofa Norðurlands**  
Jóhannes Már Sigurðarson  
641 Húsavík

## EGILSSTAÐIR

**Sókn lögmennsstofa ehf**  
Fagradalsbraut 11  
700 Egilsstaðum

## ESKIFJÖRÐUR

**Réttvísi ehf lögmennsstofa**  
Strandgötu 19a  
735 Eskifirði

## SELFOSS

**Lögmennsstofa Ólafs Björnssonar**  
Eyravegi 15  
800 Selfossi

# HEF SKÁLDAÐ MÉR FRIÐHELGI

VIÐTAL VIÐ ÓSKAR MAGNÚSSON, LÖGMANN OG RITHÖFUND



Óskar Magnússon var önnum kafinn við að árita bækur á Bókamessunni í Hörpu nú í lok nóvember: „Konum þykir vænt um Stefán Bjarnason hrl.“ Þess má geta að bækurnar Tuskuprjón og Hagnýta pottaplöntubókin eru eftir aðra höfunda.

Sem endranær eiga lögfræðingar landsins bækur í jólabókaflóðinu en einn þeirra, Óskar Magnússon lögmaður og rithöfundur, gefur nú út þriðju spennusöguna, Leyniviðauka 4, um Stefán Bjarnason hæstaréttarlögmann og þá væntanlega félagsmann Lögmannafélags Íslands. Grunur leikur á því að Stefán sé kannski fjarskyldur frænda Marðar lögmanns sem skrifaði um árabíl pistla í Lögmannablaðið, að minnsta kosti hefur hann svipaðan matarsmekk og nýtur ekki minni kvenhylli en frændi hans af Ströndum.

Óskar er öllum að góðu kunnur ekki síður úr atvinnulífinu en úr lögmennskunni og Lögmanna blaðinu lék forvitni á að kynna betur sögunum um Stefán sem er hörkutól í dómsal og ekur um á viðarklæddum átta strokka amerískum kagga. Fyrsta sagan um Stefán, Verjandinn, kom út árið 2016 en í henni tekur Stefán að sér erfitt forræðismál sem minnir um margt á þekkt íslenskt sakamál frá árinu 1993 þar sem bandarískir feður reyndu að ræna dætrum sínum.

*Nýttir þú málsgögnin í því máli þegar þú varst að skrifa söguna?*

Þessi skýrslutaka byrjar ekki vel. Ekkert minnst á réttarstöðu eða sakarefni. Við Stefán Bjarnason erum ekki vanir að sitja undir slíku. Hvað þá viðurkenna nokkuð sem á okkur er borið. Auk þess er það alkunna að lögmenn líta sjaldan í málsgögn og það má þakka fyrir ef þeir mæta með réttan fæl í dómsalinn.

*Leggur þú mikið upp úr því að hafa réttarfarið sem „réttast“ í sögunum?*

Allir lögmenn telja að skilningur þeirra á „réttu“ réttarfari sé sá eini rétti. Þeir eiga það til að semja réttarfarið jafnóðum eins og skáld væru. Ég geri það ekki, mitt réttarfari er eins rétt og það má vera og meira að segja breytilegt eftir bókunum því þær gerast á mismunandi tímum. Í nýjustu bókinni, Leynivíðauka 4 þarf ég reyndar að gangast fyrir merkilegri lagabreytingu til að geta notað það réttarfari sem ég kys, en ég geri það á Alþingi eins og vera ber.



*Sumar persónurnar eru lygilega líkar þjóðþekktu fólki og má þar helst nefnda hinn bráðskemmtilega Val lögmann sem borðar stanslaust Fisherman friends sem Örn Clausen er greinilega fyrirmyndin að. Eru fleiri lögmenn eða dómarar fyrirmyndir sem þú vilt upplýsa?*

Ekki könnumst við Stefán við þetta. Hvaðan kemur Lögmanna blaðinu sú vitneskja að vissir lögmenn bryðji tilteknar töflur? Hefur verið fjallað um þetta á vettvangi félagsins? Og eru einhverjar sérstakar töflur undanskildar eða í hávegum hafðar? Hér verður félagið að líta í eigin barm. Það er hins vegar ljóst að fleyg orð Ara fróða um að hafa skuli það sem sannara reynist eru ekki leiðarstef skrifa minna að þessu leyti og ég gæti þess vandlega að láta ekki sannleikann bregða fæti fyrir góða sögu

## LÖGFRÆÐINGAR Í JÓLABÓKAFLÓÐINU

Fleiri lögfræðingar láta í sér heyra þessi jólin en **Ragnar Jónasson** lögmaður og rithöfundur er annar höfunda glæpasögunnar *Reykjavík* ásamt **Katrínu Jakobsdóttur** forsætisráðherra sem fengið hefur góða dóma gagnrýnenda. Þess er skemmst að minnast að bók Ragnars, *Snjóblinda*, var valin besta glæpasaga sem gefin hefur verið út í Frakklandi undanfarnin 50 ár í kosningu þarlandra bókaunnenda.




Þá er **Skúli Sigurðsson**

lögfræðingur og rithöfundur að gefa út sína fyrstu glæpasögu sem nefnist *Stóri bróðir* en hún er skrifuð undir áhrifum frá Raymond Chandler og Alistair MacLean. Sagan er um blaðamann sem rannsakar glæp í Reykjavík og fjallar um ofbeldi, hefnd, ást og missi.



**Einar Örn Gunnarsson**,

lögfræðingur og rithöfundur, gefur nú út sína fyrstu sögu í 18 ár en áður hefur hann gefið út skáldsögu, smásögur og leikrit. *Ég var nóttin* er bráðskemmtileg saga sem fjallar um laganema árið 1985 sem býðst leiguherbergi hjá hjónum í stóru húsi í Þingholtunum á furðulega lágu verði. Þrátt fyrir að hafa verið varaður við þá aukast samskipti hans við hjónin uns þau fara úr böndum.



**Rannveig Borg Sigurðardóttir**

lögfræðingur og rithöfundur er með sína aðra glæpasögu þessi jólin, *Tálsýn*, sem fjallar um framakonuna Önnu og vísbendingar um að óvinveitt öfl sæki að henni. Ekki er allt sem sýnist.



sem hugsanlega gæti verið sönn. En sönnunarbyrðinni er snúíð við, lesendur og Ari fróði bera sönnunarbyrðina fyrir því að órétt sé. En mér þótti vænt um Örn Clausen.

Spurt er hvort lögmenn og dómara séu fyrirmynd? Nú væri skynsamlegast að neita að tjá sig en líklega hefur mér tekist að móðga alla dómara landsins. Ýmist með því að þeir þykjast sjá sjálfa sig í sögupersónum og líkar ekki alls kostar lýsingin, eða hitt, sem er enn verra viðfangs, þeir telja sig ekki vera í bókunum og finnst þeir lítulsvirtir. Ég tel að allir dómara landsins séu vanhæfir til að fjalla um mál gegn mér ef til þess kæmi. Þannig hef ég skáldað mér hálfgerða friðhelgi.

### Mál á viðkvæmu stigi

*Önnur sagan Dýrbítar, sem kom út árið 2019, gerist mikið í þinni heimasveit, Fljótshlíðinni. Í sögunni er framið morð á bandaríska sendiherranum og útsendarar CIA takast á við íslensk lögreglufrvöld. Þekkjja sveitungar sig á stíðum bókarinnar?*

Sá sem býr í Fljótshlíðinni þarf ekki að vera skáld. Hann þarf bara að taka vel eftir, hlusta og horfa. Þá gerist þetta af sjálfu sér. Mér hefur reynst yndislegt að eiga þar griðastað og hefði sennilega aldrei skrifað neitt ef ég hefði ekki flust þangað í heimasveit Hrafnhildar konu minnar. Sveitafólk þekkir sitt fé á löngu færi í stóru safni sem rennur hratt fram af fjalli. Hvern hrút, hverja ær, hvert lamb og jafnvel með nafni. Hrossabóndi þekkir brúna hryssu í haga í svartmyrki á löngu færi. Mér þykir líklegt að Fljótshlíðarbændur þekki sitt heimafolk. En játningar liggja ekki fyrir í málinu. Það er á viðkvæmu stigi.

### Stefán er sérfræðingur í öllum málum

*Hvernig myndir þú lýsa Stefáni verjanda?*

Stefán Bjarnason hefur eins og flestar aðalpersónur í skáldsögum ákveðinn veikleika. Algengt er að slíkir veikleikar tengist áfengi, eiturfjóm eða afturhvarfi frá slíkum nautnum. Sumir eru einmana, þunglyndir, ljótir, illa til fara en aðrir eru yfirmáta hallærislegar, nýríkir, keyra á flottum drossíum og slá um sig. Þannig er reynt að láta lesandann fá samúð eða tengjast á annan hátt aðalpersónunni. Stefán er veikur fyrir kvenfólki en það er grundvallaratriði að hann er ekki hefðbundinn kvennabósi upp á gamla mátann. Glöggir lesendur sjá nefnilega fljótlega að hann á aldrei frumkvæði að samskiptum við kvenfólk. Hann er hins vegar veikur fyrir og ístöðulaus þegar slík tækifæri gefast. Iðrast svo innilega og reynir sífellt að bæta sitt ráð. Lesendum, sem um allan heim eru í miklum meirihluta konur, þykir vænt um Stefán sinn. Hann er myndarlegur, vel til fara, vel máli farinn, kurteis og vandaður maður eins og hann á kyn til.

*Telur þú að lögmenn í veruleikanum eigi margt sameiginlegt með honum?* Stefán Bjarnason er raunverulegur á sinn hátt. Hann er meira að segja í Lögmannfélaginu þótt hann láti ekki mikið fyrir sér fara. Hann borgar starfsábyrgðartryggingu og les Lögmannablaðið. Hann má finna á flestum listum yfir lögmenn sem eru sérfræðingar í öllum málum.

*Hvaða mál er hinn bráðsnjalli Stefán að leysa í þriðju bókinni, Leynivíðauki 4?*

Nýja bókinn fjallar um morð í herstöðinni á Keflavíkflugvelli. Fyrir utan morðið sjálft blandast samskiptin við Bandaríkin í málið og þá er dreginn fram Leynivíðauki 4 sem er raunverulega til og er orðrétt tilgreindur í bókinni. Á hann hefur reynt í íslensku dómsmáli þótt með öðrum hætti sé en hér er sagt frá. Hér fær skáldskapurinn að njóta sín en þó ekki umfram það sem vel getur gerst í samskiptum ríkjanna og í pólitíkinni. Sagan er, eins og aðrar sögur af Stefáni, fyrsta alvöru tilraunin til að skrifa það sem kallað er „legal thriller“ eða „courtroom“ drama í Ameríku og víðar. Lögmaður er í aðalhlutverki, ekki lögreglumaður, blaðamaður eða aðrar týpur. Útgefandinn kallaði höfundinn Grisham Íslands í heilsíðuauglýsingu á sínum tíma. Nokkuð langt seilst.

*Þú ert búinn að skrifa tvö smásagnasöfn, fjórar skáldsögur, matreiðslubók og bók um jagúar Nóbelskáldsins. Hvers vegna fórstu að skrifa?*

Ég byrjaði á því að skrifa smásögur sem eingöngu áttu að vera mér og mínum til skemmtunar en eftir tvö smásagnasöfn heimtaði útgefandinn heilar skáldsögur. Þetta er eins og svo margt, byrjar sem saklaus skemmtun en fer svo úr böndunum. Annars væri lítið að gera hjá verjendum.

EI

# MÁLSTOFA UM OPINBER STÖRF



Mikill áhugi var á málstofum um opinber störf.

Ýmis lögfræðileg álitamál tengjast opinberum starfsmannarétti enda er starfsmannaréttur hins opinbera fræðigreinin sem reglulega reynir á í álitum Umboðsmanns Alþingis eða fyrir dómstólum.

Á lagadeginum, 23. september sl., var ein af málstofum dagsins helguð opinberum störfum. Enda þótt yfirskrift málstofunnar hafi verið vítt var í framsögu og umræðum sem á eftir fylgdu sjónum fyrst og fremst beint að álitamáli sem tengjast ráðningum opinberra starfsmanna og þá ráðningarferlinu sjálfu.

Framsögu höfðu þeir Skúli Magnússon, umboðsmaður Alþingis og Leifur Geir Hafsteinsson, phd. og vinnusálfræðingur sem hefur reynslu sem ráðgjafi hins opinbera við ráðningar í opinber störf. Það var vel til fundið að framsögur í málstofunni kæmu frá sínu hvoru sjónarhorninu þ.e. annars vegar lögfræðinnar og hins vegar frá sjónarhorni vinnusálfræði og mannauðsfræða. Í þessari samantekt gefst hins vegar aðeins tóm til þess að fjalla um brot af því sem kom fram í máli framsögumanna.

Skúli Magnússon reið á vaðið en framsaga hans bar yfirskriftina Skipun, ráðning, og uppsagnir hjá hinu opinbera og hvort þörf væri á breytingum. Í framsögu tók Skúli fram að hann myndi vera með almennar hugleiðingar um efnið frekar en að um tæmandi úttekt væri um að ræða. Skúli benti á grundvallarmun sem væri á þeim starfsönnum hins opinbera og þeim sem störfuðu á einkamarkaði. Hins vegar væri álitamál hvernig sá hópur væri afmarkaður sem sinni þeim störfum sem tengdust grunnhlutverki ríkisins þannig að sérreglur ættu að eiga við hann og tengdist mismunandi þörfum ríkis eftir breyttum tíma og aðstæðum. Skúli benti sérstaklega á að veiting opinberra starfa fæli óhjákvæmilega í sér beitingu ríkisvalds og það kallaði á að grunnkröfur réttarríkisins, sem koma ættu í veg fyrir misbeitingu valds, væru uppfylltar. Skúli nefndi að það væri spurning um



F.v. Stefán Eiríksson, Fanney Rós Þorsteinsdóttir, Skúli Magnússon, Gunnar Björnsson, Leifur Geir Hafsteinsson, Auður Bjarnadóttir og Kristbjörg Stephensen.



stefnumörkun og ákvörðun hvaða starfsmenn nytu sérstakrar verndar og svo aftur hvaða starfsmenn hins opinbera þyrftu, starfa sinna vegna, að njóta slíkrar verndar.

Í framsögu nefndi Skúli að fjöldi kvartana bærust á hverju ári sem tengdust ráðningum og uppsögnum opinberra starfsmanna. Skúli nefndi að þótt almennt mætti ætla að ráðningarferli hins opinbera hefði orðið formfastara og það nýtti sér ráðgjöf mannauðsfólks í meira mæli hefði það ekki áhrif á fjölda kvartana eða álitamála sem hefðu borist. Skúli velti fyrir sér hlutverki mannauðsfræðinga í ferlinu og hvers vegna kvörtunum eða málsóknum fækkaði ekki og þá hvort að upp á vantaði skilning á þeim lagalegu álitaefnum sem hér giltu. Þá velti Skúli fyrir sér hvort að aðilar sem kæmu að ráðningarferlum mikluðu fyrir sér

þær kröfur sem gerðar væru þ.e. að þetta ætti ekki að vera svona flókið að fylgja reglum stjórnsluréttar hér frekar en annars staðar í starfi stjórnvalda.

Í framsögu sinni, sem bar yfirskriftina, Opinberar ráðningar með augum vinnusálfræðings, fjallaði Leifur Geir um ýmis álitamál tengd ráðningarferlinu. Hann varpaði fram í upphafi erindisins hver væri hæfasti umsækjandinn þ.e. væri það sá sem hefði mestu menntun og reynsluna eða sá sem við teldum að myndi standa sig best í starfi sem um ræðir?

Leifur nefndi að hans reynsla af ráðningarferlum væri sú að stjórnendur vildu einfaldlega ráða þá manneskju sem skilar mestu virði eða bestri frammistöðu en þetta væri tæknilegt



**Misglaðir lögfræðingar á málstofu um opinber störf.**

verkefni sem krefðist m.a. djúps skilnings á starfi og spáþáttum frammistöðu, áráðanlegra mælinga þátta, og skipulagður samanburður niðurstöðu mælinga sem tæki mið af óvissu og að síðustu að niðurstöður væru túlkaðar af skynsemi. Stundum væri hins vegar ótti um að regluverk við opinberrar ráðningar yrði heftandi í að ráða hæfustu manneskjuna. Þá fjallaði Leifur um það hvaðþað væri sem spáði fyrir um frammistöðu og nefndi að almennt reyndust stöðluð viðtöl og próf í hugrænni getu vel í þessum tilgangi, nokkuð vel reyndust óstöðluð viðtöl, starfstengd verkefni/próf og persónuleikapróf, en með þeim fyrirvara ef vel væri að þeim staðið. Ekki sérlega vel væri hins vegar að byggja spá um frammistöðu á umsögnum fyrri vinnuveitenda eða lengd eða magn menntunar og starfsreynslu í árum.

Varðandi mælingar á sálfræðilegum hugsmíðum í ráðningaferli reyndist best að notaðar væru fleiri en ein aðferð og fleiri en einn aðili komi að mati á hverri hugsmíð. Þá fjallaði Leifur sérstaklega um stigakerfi þ.m.t. kosti og galli þess að nota stigablöð við mat á umsækjendum. Í lok framsögu nefndi Leifur að það yrði til bóta ef útbúnar væru samræmdar leiðbeiningar varðandi opinberar ráðningar með aðkomu stjórnarráðsins, Umboðsmanns Alþingis og fl. þar sem t.d. væri algengustu hugtök sem notað væru í hæfniskröfum skilgreind með samræmdum hættum og útbúnir yrðu vandaðir matskvarðar og samræmdar leiðbeiningar um ýmsa þætti ráðningarferilsins. Þá nefndi Leifur að hann teldi skyldu að birta nöfn umsækjenda um opinber störf væri ekki heppilegra enda kostaði það nær alltaf að hæfir umsækjendur úr einkageira sæktu ekki um eða heltust úr lestinni. Þetta reisti vegg milli einka- og opinbers geira og tilgangur með þessari ráðstöfun væri óljós eða jafnvel tímaskekkja.

Í pallborði sátu auk framsögumanna, Fanney Rós Þorsteinsdóttir, ríkislögmaður, Auður Bjarnadóttir ráðgjafi hjá Vinnum, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, og Gunnar Björnsson sérfræðingur í Fjármálaráðuneytinu. Sköpuðust fjórlegar umræður um álitamál líkt og hvort heppilegra væri að hafa opin eða lokuð ráðningakerfi hjá hinu opinbera þar sem einungis þeir sem væru inn í kerfi gætu sótt um störf og fengið, svo sem dæmi væri um í Frakklandi, og þá hvort að skylda til að auglýsa störf eða birta nöfn umsækjenda ylli vandræðum eða væri eðlilegur og nauðsynlegur þáttur í opinberu ráðningakerfi. Þá var tekist á um það hvort að kröfur sem gerðar í slíku ferli væru of miklar eða að Umboðsmaður Alþingis beitti ströngum mælikvarða ef hann tæki álitamál þessu tengt til skoðunar.

Þá var það einkar áhugavert sem kom fram hjá Fanneyju Rós Þorsteinsdóttur ríkislögmanni að fjöldi mála vegna starfsmannamála ríkisins hefðu aukist verulega síðastliðin ár.

Málstofustjóri var Kristbjörg Stephensen landsréttardómari sem stýrði málstofunni af mikilli röggsemi og léttleika

# AF VETTVANGI FÉLAGSINS

## **Námskeið til öflunar málfutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum**

Þann 23. nóvember sl. útskrifuðust 16 lögmannsefni (10 konur og 6 karlar) af námskeiði til öflunar málfutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum en um var að ræða síðara réttindanámskeið ársins 2022. Alls þreyttu 28 lögfræðingar prófraunina að þessu sinni, 14 nýskráðir, auk sama fjölda sem skráður var í endurtöku á einstökum prófum. Í tilefni útskriftarinnar hélt Lögmannafélagið boð fyrir útskriftarnemana í húsakynnum félagsins.

## **Ítrekun á kröfu um sérstakar reglur vegna húsleita á lögmannsstofum**

Stjórn Lögmannafélagsins sendi nýlega bréf til dómsmálaráðherra, með afrit á réttarfarsnefnd, þar sem ítrekuð var krafa um sérstakar reglur um húsleitir á lögmannsstofum. Í bréfinu var m.a. vísað til tillagna laganeftar félagsins sem sendar voru þáverandi ráðherra og réttarfarsnefnd á árinu 2020 í formi draga að frumvarpi til laga um breytingar á sakamálaögum og lögum um lögmann, ásamt greinargerð. Einnig var áréttað inntak greinar Eiríks Tómassonar, fyrrverandi hæstaréttardómara sem birtist í 2. tbl. Úlfjólts árið 2011, þar sem m.a. kemur fram að í lögum eða lagaframkvæmd aðildarríkja mannréttindasáttmála Evrópu verði að vera fyrir hendi viðeigandi úrræði til að tryggja að ekki sé brotið á trúnaði lögmanns gagnvart skjólstæðingum sínum við framkvæmd húsleitar og haldlagningar á gögnum í hans vörslu. Í greininni bendir Eiríkur á að eitt af þeim úrræðum sem til álita komi að grípa til í þessum tilgangi sé að kveðja til óháðan eftirlitsmann sem hefði það hlutverk að sjá til þess að ekki verði lagt hald á gögn sem bann við haldlagningu tekur til og nauðsynlegt sé að dómari leggi mat á það hvort upplýsingar sem gögnin hafa að geyma séu þess eðlis að þau falli undir b. eða d. liði 2. mgr., sbr. 3. og 4. mgr. 119. gr. laga nr. 88/2008.

## **Hugtakið skjal - krafa um breytingar á sakamálaögum**

Nýlega sendi stjórn Lögmannafélagsins dómsmálaráðherra bréf þar sem bent var á nauðsyn þess að gera breytingar á ákvæði 1. ml. 1. mgr. 37. gr. sakamála laga nr. 88/2008, m.a. ljósi úrskurðar Landsréttar í máli nr. 640/2022, þar sem staðfest var niðurstaða héraðsdóms um að hugtakið „skjal“ í umræddu ákvæði nái aðeins til afhendingar skjala í pappírformi en að sakborningur og verjandi hans eigi þó rétt á að hlýða eða horfa á upptökur sem eru meðal gagna máls hjá ákærvaldi. Í bréfinu er m.a. vísað til niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu þar sem segir m.a.:

„Árum saman hafa ákærðir einstaklingar og verjendur þeirra þurft að sæta því að skoða á starfsstöð ákærvaldsins þann hluta gagna máls sem varðveittur er á mynddiskum og/eða á annars konar formi en pappír. Sú framkvæmd er óbreytt þótt æ stærri hluti gagna máls sé á öðru formi en pappír. Dómari málsins telur sig hafa merkt það að flestir sem að rekstri sakamála koma séu á einu máli um það að þetta fyrirkomulag sé í raun óboðlegt, a.m.k. varðandi flest önnur mál en þau allra viðkvæmstu. Ekkert hefur verið gert til að ráða bót á þessu og þurfa verjendur að sæta því að skoða þessi gögn hjá ákærvaldinu. Í dómaframkvæmd hefur ekkert breyst í þessu og enn er stuðst við fordæmi Hæstaréttar um orðskýringu á hugtakinu skjal í 1. mgr. 37. gr. laga nr. 88/2008.“

Í bréfi sínu til ráðherra bendir stjórn félagsins á nauðsyn þess að gera breytingar á umræddu ákvæði þar sem viðurkenndur verði réttur sakborninga og verjenda til þess að fá afhentar mynd- og hljódupptökur sem varða rannsókn mála, með sama hætti og skjöl. Afrit bréfsins var sent formanni réttarfarsnefndar.



## **Nauðsyn lagabreytinga vegna málskostnaðar við áfrýjunarleyfi og heimvísun mála**

Stjórn Lögmannafélagsins hefur í bréfi til dómsmálaráðherra farið fram á að ráðist verði í breytingar á réttarfarslöggjöfnni til að leiðrétta hlut þeirra sem þurfa að leita til dómstóla. Í bréfinu, sem sent var nú desember, er m.a. bent á þá stöðu sem upp kemur þegar Hæstiréttur hafnar áfrýjunarbeiðni annars eða eins af málsaðilum í einkamáli og gagnaðili situr uppi með kostnað vegna vinnu sem hann, eða lögmaður hans, hefur innt af hendi við að koma athugasemdum við áfrýjunarbeiðnina á framfæri við Hæstarétt. Svo virðist sem að við setningu einkamálalaga hafa láðst að taka tillit til afleidds kostnaðar gagnaðila og að þessi staða gangi gegn þeirri grundvallarreglu að sá sem vinni mál skuli vera fjárhagslega skaðlaus af málarekstrinum. Fullt tilefni sé því til þess að dómsmálaráðherra feli réttarfarsnefnd að vinna tillögu að lagabreytingu sem lagfæri þennan annmarka á löggjöfnni og veiti Hæstarétti heimild til þess að ákvarða málskostnað sem telst aðfararhæf krafa úr hendi gagnaðila.

Ennfremur bendir stjórnin á að brýnt sé að gerðar verði breytingar á sakamálalögum í tengslum við beiðnir sakborninga um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar á grundvelli 2. mgr. 217. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Ljóst sé að það sé sjaldnast á færi sakborninga á útbúa slíkar beiðnir og oft á tíðum geti fjárhagsstaða þeirra haft áhrif á ákvörðun um að leggja fram beiðni um áfrýjunarleyfi, nema verjandinn taki slíkt að sér án endurgjalds. Sömu sjónarmið eigi reyndar einnig við um meðferð áfrýjunarbeiðna til Hæstaréttar af hálfu ríkissaksóknara sbr. ákvæði 4. sbr. 3. mgr. 217. gr. sakamálalaga, fallist rétturinn ekki á beiðnina. Undir þeim kringumstæðum kunni sakborningur, eða eftir atvikum verjandi hans, að þurfa að standa straum af kostnaði við gerð athugasemda við

áfrýjunarbeiðni ríkissaksóknara, jafnvel í þeim tilvikum þar sem sakborningur hefur verið sýknaður af kröfum ákærvaldsins í Landsrétti. Er það mat stjórnar Lögmannafélagsins að veita þurfi Hæstarétti lagaheimild í lögum um meðferð sakamála til að ákvarða verjendum sakborninga þóknun fyrir hagsmunagæslu í tengslum við framlagningu beiðna um áfrýjunarleyfi og í þeim tilvikum sem verjandi gerir athugasemdir við slíkar beiðnir sem stafa frá ríkissaksóknara. Megi í því samhengi vísa til þess að það geti talist til réttinda sakbornings sem varin eru af stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu.

Loks er í bent á brýna þörf á að ráðist verði í breytingar á einkamálalögum með veitingu heimildar til dómstóla til að ákvarða aðilum máls málskostnað úr ríkissjóði sé dómur ómerktur og heimvísad af æðra dómi. Bendir stjórnin á að grundvöllur ómerkingar og heimvísunar sé að mistök hafi verið gerð við meðferð málsins í héraði eða fyrir Landsrétti sem beri að leiðrétta. Á því beri ríkissjóður ábyrgð á grundvelli meginreglu skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð. Í dag falli kostnaður sem hlýst af endurflutningi mála alfarið á málsaðila, eða jafnvel lögmennt þeirra, séu málsaðilar ekki borgunarmenn. Bendir stjórn Lögmannafélagsins á að eðlilegast væri undir þessum kringumstæðum að æðri dómur hefði lagaheimild til þess að ákvarða aðilum málskostnað úr ríkissjóði, enda ósanngjarnt að aðilar beri fjárhagslegan skaða af mistökum dómara.

[Ingimar Ingason](#)

*Gledileg jól og farsælt nýtt ár.  
Þakka ánægjulegt samstarf á árinu.*

**Ásar – þýðingar og túlkun slf.**

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi, EU-ACI  
Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.  
Aðili að rammamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

*Ásar – þýðingar og túlkun slf » Reykjavík » Sími: 897 2717  
Netfang: ellening@simnet.is*



# VIÐTÆKARA HLUTVERK OG VALDSVIÐ KÆRUNEFNDAR JAFNRÉTTISMÁLA

Á síðastliðnum árum hafa orðið ýmsar breytingar á sviði jafnfréttismála meðal annars með heildarendurskoðun á lögum sem gilda á sviðinu.

Með nýjum lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna er ekki lengur talað um tvö kyn þ.e. karla og konur heldur sem tóku gildi 6. jánúar 2021, taka þau líka til fólks sem er með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá. Áfram er markmið laganna að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og að stuðla og viðhalda jafnfrétti og jöfnum tækifærum kynja í samfélaginu.

Á sama tíma tóku gildi lög nr. 151/2010 um stjórnáslu jafnréttismála, en í III. kafla laganna er fjallað um kærunefnd jafnréttismála. Í 8. gr. laganna segir að nefndin taki til meðferðar kærur sem til hennar er beint samkvæmt lögum um jafnfréttismál og kveður hann upp skriflegan úrskurð um hvort að ákvæði laganna hafi verið brotin. Úrskurðir nefndarinnar eru bindandi, en aðili getur borið úrskurð hennar undir dómstóla.

Árið 2018 tóku gildi lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum, eða kyntjáningu. Í ákvæðum laganna er lagt

bann við beinni eða óbeinni mismunun á vinnumarkaði vegna fyrrnefndra þátta þ.m.t. varðandi ráðningu, starf, uppsögn, stöðuhækkun, endurmenntun eða varðandi laun eða önnur kjör.

Á árinu 2018 tóku jafnframt gildi lög nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Í III. kafla laganna var kveðið á um bann við mismunun á framangreindum grundvelli á öllum sviðum samfélagsins utan vinnumarkaðar. Tekur það m.a. til banns við mismunun í tengslum við félagslega vernd, við vörukaup eða þjónustu og í skólum, öðrum menntastofnunum, á frístundaheimilum og í skipulögðu íþrótt og æskulýðsstarfi. Með breytingum á lögnum, sbr. lög nr. 63/2022 sem tóku gildi 13. júlí sl., fengu lögin nýtt heiti og heita núna lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar.

Með breytingarlögnum var mismunarþáttum fjölgað þ.e. að nú leggja lögin bann við mismunun utan vinnumarkaðar á grundvelli þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu og þá jafnframt fjölþættri mismunun þ.e. mismunun á grundvelli fleiri

en einnar mismunarástæðu. Ákvæði laganna um mismunun á grundvelli aldurs taka þó ekki gildi fyrr en 1. júlí 2024.

Samkvæmt 8. gr. laga um stjórnarsýslu jafnréttismála er unnt að beina kæru til kærunefndar jafnréttismála varðandi ætluð brot á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði og lögum um jafna meðferð utan vinnumarkaðar. Nú er því unnt að beina til nefndarinnar kærum vegna brota þar sem aðilar telja að sér hafi verið mismunað almennt innan eða utan vinnumarkaðar á grundvelli þeirra mismunarþáttum sem þar eru tilgreindir.

Hlutverk og valdsvið kærunefndarinnar hefur því verið aukið frá því sem áður var þegar nefndin úrskurðaði fyrst og fremst um

brot á ákvæðum gildandi jafnréttislöggjafar og þá vegna kyns. Þótt nokkuð hafi verið fjallað um endurskoðun og breytingar á sviði jafnréttismála hefur minna farið fyrir því að það hafi sérstaklega verið fjallað um aukið hlutverk og valdsvið kærunefndar jafnréttismála. Á þetta einkum við eftir að mismunarþátta hefur verið fjölgað samkvæmt lögum um jafna meðferð utan vinnumarkaðar en lögin tóku gildi í júlí sl. líkt og greint er frá að framan. Lítil reynsla er því komin á framkvæmd þeirra.

Hins vegar er rétt að vekja athygli lögmanna á framangreindum breytingum á þessu sviði og þá einkum varðandi víðtækara hlutverk og valdsvið kærunefndar jafnréttismála.



*Stjórn og starfsfólk Lögmannafélags Íslands óskar  
félagsmönnum gleðilegra jóla með von um farsæld og frið  
á nýju ári.*



# BÓKMENNTIR OG LÖG

Þótt að flest námskeið á vegum félagsdeildar LMFÍ séu beintengd störfum lögmanna og lögfræðinga þá var tekið upp sú nýjung á haustönn að bjóða upp námskeiðið „Bókmenntir og lög“ undir styrki stjórn þeirra Jóns Karls Helgasonar prófessors í íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands og Hafsteins Þórs Haukssonar dósents í lögfræði við Háskóla Íslands. Sextán manna hópur hefur hist þrisvar sinnum nú á haustönn og tekið fyrir sögurnar *Útlendinginn* eftir Albert Camus, *Réttarhöldin* eftir Franz Kafka og *Gott fólk* eftir Val Grettisson.

Sögurnar hafa verið ræddar út frá sjónarhorni lögfræðinnar og ýmsum lögfræðilegum álitamálum verið velt upp. Milli funda hefur hópurnir verið virkur í sérstökum Facebook-hópi þar sem þátttakendur hafa sett hugleiðingar sínar og stjórnendur miðlað greinum og fræðum. Sjálfur þýðandi Kafka yfir á íslensku, Ástráður Eysteinnsson prófessor við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, var sérstakur gestur þegar rætt var um Réttarhöldin og velti hann upp mörgum áhugaverðum flötum.

En hvaða þýðingu hefur það fyrir lögfræðinga að velja sér upp úr skáldverkum? Er eitthvað á því að græða?

Í *Útlendingnum* fremur aðalpersónan glæp og svo virðist að refsingin sem hann er dæmdur til að sæta sé byggð á því að hann syrgi lát móður sinnar með öðrum hætti en samfélagið viðurkennir. Þátttakendur veltu meðal annars fyrir sér hvort að viðbrögð saksótttra hefðu áhrif á dóma og þá einnig hvort að einstaklingar sem væru ófærir um að sýna slík viðbrögð gætu jafnvel fengið þyngrri refsingar. Í *Réttarhöldunum* veit aðalpersónan K ekki fyrir hvað hann er sóttur til saka og vakti það ýmis hugrenningartengsl. K sækir síðan réttarhöld í hálfgerðu völuhúsi og veltu þátttakendur fyrir sér hvort að þetta gæti verið upplifun margra sem að eiga samskipti við dómskerfið. Þriðja sagan, sem var rædd á fundum hópsins, var *Gott fólk* eftir Val Grettisson sem fjallar um ungan mann sem fer yfir mörk vinkonu sinnar og viðbrögð vinahópsins og samfélagsins við því. Sagan kom út vorið 2015 og vakti mikla athygli þar sem höfundur er að fást við efni sem síðar varð umfjöllunarefni „MeToo“ byltingarinnar. Snertifletir sögunnar við réttarkerfið er m.a. ábyrgðarferli sem vinahópurinn setur upp og spurningar sem vakna um sekt og sakleysi, útilokunarmenningu og dómstól götunnar.

Hópurinn mun halda áfram að hittast á vorönn og er ætlunin að taka fyrir hina frægu sögu Harper Lee *Að drepa hermikráku* sem kom út í þýðingu Sigurlínu Davíðsdóttur fyrir á þessu ári og svo *Hrafnelssögu Freysgoða*.

Þess má geta að síðustu misseri hafa þeir Jón Karl og Hafsteinn Þór verið að skapa þverfaglega umræðu milli bókmennta og lögfræði í háskólasamfélaginu en erlendis hafa slíkar rannsóknir verið blómlegar síðustu ár. Meðal annars hefur málstofa verið helguð bókmenntum og lögfræði á síðustu tveimur þjóðarspeglum.

Eyrún Ingadóttir

## NÁMSKEIÐAHALD ÁRSINS 2022

Alls hafa 456 þátttakendur sótt 32 námskeið á vegum félagsdeildar LMFÍ árið 2022. Þátttakendur geta valið um hvort þeir sækja námskeið á staðnum eða í gegnum fjarfund og hefur þessi hybrid-blanda tekist afar vel. Þess má geta að félagar í félagsdeild LMFÍ fá 25% afslátt af hverju námskeiði og því er aðild að henni fljót að borga sig.

# ÞAÐ ER EKKI SKILNAÐURINN SJÁLFUR SEM VELDUR SKAÐA HELDUR ÞAÐ HVERNIG STAÐIÐ ER AÐ HONUM!

GYÐA HJARTARDÓTTIR, FÉLAGSRÁÐGJAFI MA

Því hefur verið haldið fram að sífja- og fjölskyldumál séu allt annars eðlis en öll önnur lögfræðileg mál í bæði félagslegum og lagalegum skilningi. Fjöldamargir lögmenn hafa aðkomu að sífja- og fjölskyldumálum á ferli sínum en vita e.t.v. ekki hvernig eigi að leiðbeina umbjóðendum varðandi foreldrasamvinnu í kjölfar skilnaðar eða um áhrif skilnaðar á börnin, sem þó er umbjóðendum gjarnan ofarlega í huga í ferlinu. Skilnaður getur verið mikill streituvaldur fyrir þá sem að honum koma, ásamt því að geta haft í för með sér neikvæðar afleiðingar fyrir alla fjölskyldumeðlimi.

Niðurstöður rannsókna sem fjalla um áhrif skilnaðar á börn benda til að það sé ekki skilnaðurinn sjálfur sem getur valdið börnum mestum skaða heldur hvernig staðið er að honum. Við getum eflaust verið sammála um að mestu máli skipti að takmarka skaðleg áhrif skilnaðar á börn og þá er mikilvægt að vernda barnið gegn ágreiningi á milli foreldra. Jafnframt skiptir miklu máli að börn fái stuðning og samveru frá báðum foreldrum eftir skilnað á meðan þau aðlagast nýju lífi. Rannsóknir hafa leitt í ljós að börnum vegnar betur í kjölfar skilnaðar ef foreldrar eiga í góðri foreldrasamvinnu og að hún gegni lykilhlutverki í að styðja börnin við að komast á sem jákvæðastan hátt í gegnum skilnað foreldra.

Í samvinnu við Ásmund Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, hefur stafræni vettvangurinn *Samvinna eftir skilnað – barnanna vegna* (SES), verið gerður ókeypis og aðgengilegur á Íslandi. Stafræni vettvangur SES er að danskri fyrirmynd og er nýjung í skilnaðarráðgjöf, í takt við tækniþróun samtímans. Stafræni vettvangurinn býr yfir gagnreyndu efni í formi nám-



skeiða og ígrundunar um eigin líðan og hegðun. Fræðsluefnið sem aðgengilegt er á stafræna vettvangnum veitir foreldrum efni og verkfæri til að skoða sjálf sig og samvinnu við hitt foreldrið með það markmið að hafa þarfir barnanna í fyrirrúmi.

Hinn stafræni vettvangur SES byggir á umfangsmiklu rannsóknarverkefni SES í Danmörku sem unnið var af fræðimönnum við Kaupmannahafnarháskóla. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að einstaklingar sem notuðu SES eftir skilnað bjuggu yfir almennt betri líkamlegri og andlegri heilsu 12 mánuðum eftir skilnað heldur en einstaklingar í samanburðarhópnum. Neikvæð sálræn einkenni líkt og kvíði, þunglyndi, streita og geðræn einkenni minnkuðu til muna meðal þeirra og jafnframt sýndu niðurstöður að verulega dróst úr fjandskap einstaklinga gagnvart fyrrverandi maka á þessum 12 mánuðum eftir skilnaðinn, samanborið við einstaklinga í samanburðarhópnum. Enn fremur kom í ljós að einstaklingarnir voru með 5,8 færri veikindadaga að meðaltali fyrstu 12 mánuðina eftir skilnað miðað við einstaklinga í samanburðarhópnum.

Mikilvægt er að þeir lögmenn á Íslandi sem vinna í fjölskyldumálum þekki til vettvangsins til þess að geta vísað umbjóðendum sínum á hann, eða til þess að geta nýtt sér hann sjálfir í þeirri flóknu vinnu sem fjölskyldumálin geta verið. Eina sem þarf að gera er að skrá sig inn á [www.samvinnaeftirskilnad.is](http://www.samvinnaeftirskilnad.is), útbúa sér aðgangs- og lykilorð og hefjast handa.

[Höfundur er umsjónar- og ábyrgðaraðili SES á Íslandi](#)

## ARÐGREIÐSLUR FRÁ A TIL Ö – 14. FEBRÚAR 2023

Fjallað verður um arðgreiðslur og samspil hlutafélagalaga, skattalaga og ársreikningalaga. Farið verður yfir ýmis álitamál í tengslum við formreglurnar samkvæmt hlutafélagalöggjöfni og svo skattalega meðferð hvers kyns úttekta úr félögum, með vísan til fjölda úrskurða- og dóma.

**Kennari** Guðbjörg Þorsteinsdóttir lögmaður hjá Deloitte Legal ehf.

**Staður** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

**Tími** **Alls 2 klst. Þriðjudagur 14. febrúar 2023 kl. 11.00-13.00**

**Verð** kr. 22.000,- (kr. 2.200,- í afslátt fyrir aðild að LMFÍ og LÍ en kr. 5.500,- í afslátt fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ).

*Skráning á [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)*

## NÝMÆLI Í BARNALÖGUM – 21. FEBRÚAR 2023

Barnalög nr. 76/2003 hafa tekið nokkuð örum breytingum og reglulega blossar upp umræða í samfélaginu um lögina og túlkun þeirra. Með lögum nr. 28/2021 (skipt búseta barns o.fl.) og lögum nr. 49/2021 (kynrænt sjálfræði) voru gerðar ýmsar mikilvægar breytingar á barnalögum sem snerta réttarstöðu barna og foreldra. Á námskeiðinu verður farið yfir helstu breytingar á lögnum og rædd ýmis álitaefni sem reynt hefur á fyrir dómstólum.

Ný útgáfa af Handbók – Barnalögin nr. 76/2003 með síðari breytingum eftir Hrefnu Friðriksdóttur er hægt að nálgast í rafrænni útgáfu hér.

Námskeiðið er haldið í samvinnu við rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni.

**Kennari** Hrefna Friðriksdóttir prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

**Staður** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

**Tími** **Alls 2 klst. Þriðjudagur 21. febrúar 2023 kl. 11.00-13.00**

**Verð** kr. 22.000,- (kr. 2.200,- í afslátt fyrir aðild að LMFÍ og LÍ en kr. 5.500,- í afslátt fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ).

*Skráning á [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)*

## EINKAHLUTAFÉLÖG OG HLUTAFÉLÖG – 27. APRÍL 2023

Farið verður yfir samruna- og skiptingar ehf. og hf., út frá féлага- og skattarétti og komið inn á praktísk dæmi úr framkvæmdinni. Að auki verður farið yfir sérstakar reglur og álitaefni út frá skattaréttinum sem getur reynt á í tengslum við samruna eða skiptingar. Tekin verða ýmis dæmi úr úrskurða- og dómaframkvæmd þar sem reynt hefur á ákvæði hlutafélagalöggjafarinnar og tekjuskattslaga.

**Kennari** Guðbjörg Þorsteinsdóttir lögmaður hjá Deloitte Legal ehf.

**Staður** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

**Tími** **Alls 2 klst. Fimmtudagur 27. apríl 2023 kl. 11.00-13.00**

**Verð** kr. 22.000,- (kr. 2.200,- í afslátt fyrir aðild að LMFÍ og LÍ en kr. 5.500,- í afslátt fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ).

*Skráning á [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)*

# PATTSTAÐA Í DÓMSKERFINU



**Eva Bryndís Helgadóttir.**



**Kristín Benediktsdóttir.**



**Sindri M. Stephensen.**



**Víðir Smári Petersen.**

Í byrjun nóvember hélt Lögmannafélagið ásamt Lögfræðingafélagi Íslands, Réttarfarastofnun Háskólans í Reykjavík og Lagastofnun Háskóla Íslands hádegisverðarfund þar sem fjallað var um þá pattstöðu sem komin var upp í dómsskerfinu eftir að Endurupptökudómur vísaði máli til Hæstaréttar sem síðan vísaði því frá réttinum þar sem hann hefur ekki heimild til að taka skýrslur af sakborningum og vitnum.

Áður hafði MDE komist að þeirri niðurstöðu að dómfelldi hefði ekki hlotið réttláta málsmeðferð þegar Hæstiréttur sneri við sýknudómi héraðsdóms án þess að hlýða á munnlegan málflytning. Hæstiréttur og Endurupptökudómur virðast ósammála um hvort Endurupptökudómi sé heimilt að vísa málum til Landsréttar sem ekki hafa áður sætt meðferð hjá síðarnefnda dómnum.

Velt var upp á fundinum hvernig lögsaga Endurupptökudóms spilar saman við almenna dómsskerfið, hvað yrði um sambærileg mál sem enn eru til meðferðar innan dómsskerfisins, hvort aðrar leiðir hefðu verið færar fyrir Hæstarétt en að vísa málinu frá réttinum og hvort lagabreyting væri nauðsynleg. Um 50 manns sóttu fundinn en frummælendur voru þau Sindri M. Stephensen dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Víðir Smári Petersen dósent við lagadeild Háskóla Íslands og Kristín Benediktsdóttir dósent við lagadeild Háskóla Íslands en fundarstjóri var Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður og varaformaður Lögmannafélags Íslands.

Þess má geta að Sindri og Víðir Smári skrifuðu saman greinina „Samtal Hæstaréttar og Endurupptökudóms“ sem aðgengilegt er í vefriti Úlfjóts.



# STYRKUR TIL FRÆÐISKRIFA

Námssjóður Lögmannafélags Íslands auglýsir styrk til lögfræðilegra rannsókna og/eða útgáfu fræðirita sem nýst geta í daglegum störfum lögmannna.

Styrkfjárhæð nemur allt að kr. 1.200.000,- en á móti munu styrkþegar halda námskeið í tengslum við viðfangsefnið á vegum félagsdeildar Lögmannafélagsins. Nánari tilhögun er að finna í meðfylgjandi vinnureglum sem stjórn Námssjóðs hefur sett sér.

Umsóknarfrestur er til 30. janúar 2023 og skal senda umsóknir á netfangið [eyrun@lmfi.is](mailto:eyrun@lmfi.is).

## Vinnureglur stjórnar námssjóðs

Samkvæmt 2. gr. skipulagsskrár Námssjóðs Lögmannafélags Íslands er hlutverk sjóðsins meðal annars að sinna fræðslu- og endurmenntunarmálum lögmannna í því skyni að auka hagnýta og fræðilega þekkingu þeirra á hinum ýmsu sviðum lögfræðinnar. Auk þess er heimilt að veita fé úr sjóðnum til annarra verkefna sem stuðla að aukinni menntun lögmannna, ef sérstakar ástæður eru til að mati sjóðsstjórnar. Stjórnin geti í því skyni styrkt lögfræðilegar rannsóknir og hefur eftirfarandi atriði í huga við veitingu styrkja:

- Að um sé að ræða höfundaverk sem er verulegt að umfangi, með ótvírætt fræðilegt gildi og nýtist í daglegum störfum lögmannna.
- Að höfundur/höfundar verði með námskeið á vegum LMFÍ í tengslum við höfundaverkið og veiti félaginu einkarétt á þeim í ákveðinn tíma.
- Að umsækjendur sendi verk-, og kostnaðaráætlun með umsókn.
- Eitt af þeim atriðum sem horft verður til er að verkefni séu komin af stað við veitingu styrks.
- Ef verk hefur ekki komið út innan þriggja ára eftir ætluð verklok, og námskeið um efni þess hafa ekki verið haldin, þá getur sjóðurinn farið fram á endurgreiðslu styrksins.
- Ekki er tekið við styrkbeiðnum vegna verkefna sem tengjast grunn- eða meistaranámi í lögfræði.
- Höfundur og námssjóður gera skriflegan samning sín á milli.

## Fyrir hönd stjórnar Námssjóðs Lögmannafélags Íslands sem í sitja:

Reimar Pétursson formaður, Finnur Magnússon, Þórunn Helga Þórðardóttir, Auður Tinna Aðalbjarnardóttir og Áslaug Björgvinsdóttir.

[Eyrún Ingadóttir](#)

## Lúðvík Emil Kaaber

Löggiltur skjalaþýðandi í ísensku og ensku

Klukkulandi, 471 Þingeyri

Löng reynsla af þýðingum á réttarskjölum, samningum og greinargerðum fyrir lögmennt, fyrirtæki og opinberar stofnanir. Lögfræðimenntun og reynsla af lögmannstörfum.

Símar 553 3389 og 861 8304. Netfang: [lucius@simnet.is](mailto:lucius@simnet.is)



ÓLAFUR H. RAGNARSSON FÆDDIST Í REYKJAVÍK 16.3. 1941. HANN LAUK STÚDENTSPRÓFI FRÁ MR 1961, EMBÆTTISPRÓFI Í LÖGFRÆÐI FRÁ HÍ 1967, VARÐ HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR ÁRIÐ 1968 OG HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR ÁRIÐ 1972.

ÓLAFUR STARFAÐI Á LÖGFRÆÐI- OG ENDURSKOÐUNARSKRIFSTOFU FÖÐUR SÍNS Í REYKJAVÍK FRÁ 1967-1980. ÞÁ STOFNUÐU ÞEIR FEÐGAR LÖGFRÆÐI- OG ENDURSKOÐUN HF. Í REYKJAVÍK EN HANN RAK EIGIN LÖGMANNSSTOFU FRÁ 1984 TIL 2022.

ÓLAFUR KVÆNTIST MARÍU JÓHÖNNU LÁRUSDÓTTUR ÁRIÐ 1968. HÚN ER MEÐ BA Í ÍSLENSKU OG SAGNFRÆÐI FRÁ HÍ. HÚN KENNDI ÍSLENSKU OG BÓKMENNTIR VIÐ VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS Í 35 ÁR. ÞAU EIGA ÞRJÁ UPPKOMNA SYNI: LÁRUS PÁL LÖGFRÆÐING, RAGNAR SMÍÐ OG ÓLAFUR BJÖRN TÓNLISTARMANN. ALLIR ERU ÞEIR SJÁLFSTÆTT STARFANDI OG EIGIN HERRAR.

# HEF BARA TÍMA FYRIR GOTT FÓLK

*Dú ert tvíburi, ekki rétt?*

Jú, reyndar erum við systkinin tvennir tvíburar. Kristín Sigríður Hinriksdóttir Ólafsson, móðir okkar, var Vestur-Íslendingur en foreldrar hennar fluttu til Vesturheims á þriðja áratug 20. aldar. Þau fluttu fyrst til Manitoba en gerðust svo frumbyggjar í Alberta fylki í mið-vestur Kanada. Mamma var þriðja yngst í hópi ellefu systkina og það var alltaf töluð íslenska á heimilinu. Foreldrar mínir voru hálfstyskinabörn og hittust fyrst í frændsystkinaboði á vesturströnd Bandaríkjanna. Mamma var þá að vinna við heimssýninguna í New York en pabbi var í framhaldsnámi í félagarétti í Colombíu háskóla í New York borg. Pabbi fór svo heim en mamma sigldi til Íslands árið 1940 með Gullfossi sem fór frá Danmörku til New York með skipalest vegna kaþbátahernaðar Þjóðverja. Á skipinu var Sveinn Björnsson, síðar fyrsti forseti Íslands, og það tókust með þeim mömmu ágætur kunningsskapur sem varð til þess að Sveinn var svaramaður mömmu þegar þau pabbi giftu sig. Við Oddný systir fæddumst svo árið 1941 en hinir tvíburarnir, Ragnar og Kristín, fæddust árið 1944.

## Jónsbók áhrifavaldur

*Faðir þinn, Ragnar Ólafsson, var lögmaður og löggiltur endurskoðandi og starfaði við hvoru tveggja. Varstu alltaf ákveðinn í að feta í fótspor hans?* Nei, ég ætlaði raunar í verkfræði en svo gaf pabbi mér Jónsbók sem ég tók sem vísbendingu um að hann vildi að ég færi í

lögfræði. Mér fannst námið frekar leiðinlegt en það lifnaði yfir því í seinni hlutanum.

Þegar pabbi var ungur lögfræðingur vann hann hjá Sambandinu og sá meðal annars um endurskoðun reikninga kaupfélaganna. Hann tók síðan próf til löggildingar í endurskoðun. Hann og Ólafur Jóhannesson stofnuðu saman lögfræðistofu í Vonarstræti 12, Reykjavík, árið 1940 en skömmu síðar var Ólafur skipaður prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Eftir það rak pabbi lögfræði- og endurskoðunarstofu í eigin nafni og var með fimm til sex manns í vinnu. Þegar ég lauk laganáminu fór ég að vinna hjá honum og tók svo bóklega hluta náms til löggildingar í endurskoðun en hætti við að ljúka verklegum hluta námsins þar sem komin voru lög sem bönnuðu að sami maður starfaði bæði sem lögfræðingur og endurskoðandi.

## Viðskiptavinir að skemmta sér

*Dú varst eigandi Tívolís í Hveragerði, hvernig kom það til?*

Það var mikið hliðarspor hjá mér að þvælast inn í rekstur Tívolís árið 1986 en ég losnaði út úr því árið 1994 þegar ég missti Tívolihúsið á uppboði. Kunningi minn, Sigurður Kárason, mikill glæpamaður, skuldaði mér peninga og hann bauð mér að koma inn í reksturinn með sér og gera skuldina þannig upp. Ég gerði það þá að skilyrði að ég eignaðist meirihluta

hlutfjár í Skemmtigarðinum ehf., sem rak starfsemina í Hveragerði, og jafnframt að ég sæi um að fjármagna byggingu Tívolíhúss utan um starfsemina. Tekjur af tívolíinu áttu svo að borga umrædda skuld og kostnaðarverð Tívolíhússins. Það varð að samkomulagi að Sigurður hefði umsjón með byggingu Tívolíhússins og væri framkvæmdastjóri Skemmtigarðsins ehf. en hann átti að vinna hvoru tveggja launalaust. Reksturinn gekk illa og byggingakostnaður Tívolíhússins reyndist miklu meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Ég tók því sjálfur yfir bæði störfin, rak svo Tívolí í fimm ár og tapaði á endanum tugum milljóna á þessu ævintýri. En ég hafði mikla ánægju af þessari lífsreynslu og komst út úr þessu án þess að verða gjaldþrota. Þetta var andstæða við að vera í lögfræðinni; allir viðskiptavinirnir að skemmta sér í stað þess að vera óánægðir og reiðir eins og títt er um viðskiptavinum lögmanna.

### Hugverkin vendipunktur á starfsferlinum

*Varstu mikið í málflutningi?*

Nei, ég var meira í lögfræðilegri ráðgjöf, sáttumleitunum, gagnaöflun og samningum. Einnig vann ég við bókhaldsstörf og skattaleg uppgjör. Mér leiddust þessi störf en hins vegar þótti mér málflutningur í réttarsal alltaf skemmtilegur. Þegar ég losnaði alveg við Tívolíið byrjaði ég að sinna hugverkarétti og lagði mikið á mig til að læra hinn fræðilega hluta hugverkaréttar og hvernig umboðsmennskan er praktíseruð. Það voru einungis 5-10 lögmannsstofur sem voru virkar í þessum bransa en ég stofnaði síðan firmað Patice árið 1985, sem var hugverkastofa á sviði atvinnulífsins. Þegar ég var kosinn í stjórn félags umsækjanda og/eða eigenda vörumerkja- og einkaleyfishafa, FUVÉ, árið 1985 þá varð það einlega vendipunktur á mínum starfsferli.

Félagið var stofnað á sjöunda áratugnum af Sigurgeiri Sigurjónssyni hrl. Meðal annars til að koma fram sem umboðsmenn gagnvart Hugverkastofunni (HVS), áður ELS (Einkaleyfastofan). HVS er sjálfstæð stjórnsýslustofnun í eigu ríkisins og er allur kostnaður af rekstri hennar fjármagnaður með skráningargjöldum. Með skráningu hjá HVS öðlast umsækjandi svokallaðan neikvæðan eignarétt að viðkomandi hugverki en það virkar þannig að eigandinn getur mótmælt nýtingu annarra á viðkomandi hugverki, hagnýtanlegri vöru í atvinnuskyni (einkaleyfi fyrir tæknilegri uppfinningu, vörumerki og/eða hönnun hagnýtanlegrar vöru). Skráningar geta verið alls konar, m.a. nýskráningar, endurnýjanir, eigendaskipti o.fl. Hugverk þessi geta verið mjög ábatasöm í atvinnulífinu og eru oft seld fyrir háar fjárhæðir. Hugverk eru í eðli sínu samkeppnisleg, þ.e. veita forskot í atvinnulífinu við framleiðslu, sölu og/eða dreifingu vöru.

Ég var síðan formaður FUVÉ samfelld í 15 ár en félagið er aðili að CONOPA (Conference of Nordic Patent Agenter) sem er samráðsvettvangur systurfélaganna á Norðurlöndum og heldur ráðstefnur á þriggja ára fresti. Árið 2000 komu 300 norrænir umboðsmenn saman á 3ja daga CONOPA samráðsfund hér í Reykjavík og stýrði ég ráðstefnunni fyrir hönd stjórnar FUVÉ.

### Hugverkin auður fyrirtækja 21. aldar

Viðskiptavinir Patice ehf voru allt útlendingar og ég var næst stærstur í einkaleyfum á hugverkasviði atvinnulífsins. Ég var að leggja inn á bilinu 300-400 ný einkaleyfamál á ári og sinni líka vörumerkjarétti, með um 50-70 ný mál á ári sem fór vaxandi. Jafnframt höfðum við milligöngu varðandi skráningar á breytingum á skráðum hugverkum, vegna eigendaskipta, breytinga o.fl. , fleiri hundruð mál á ári.

Ég var að jafnaði með þrjá til fjóra í vinnu sem unnu síðustu ár heiman frá sér. Ég hafði breytt stofunni árið 2016 í rafræna umboðsstofu og fann strax hvað það var rosalegur vinnuspárnaður að hætta að þvælast með pappír í höndunum. Öll vinna var unnin í tölvu og öll gögn geymd á Netinu. Engar málamöppur úr pappír og engar útprentanir, öll samskipti og allar greiðslur rafrænar. Svo þegar covid kom þá fóru allir að vinna heima og þá var ekkert annað að gera en að losa sig við skrifstofuhúsnæðið. Ég hef alltaf verið mjög heppinn með starfsfólki, hef eingöngu verið með háskólamenntaðar konur sem að mínu mati eru bæði samviskusamari, nákvæmari og afkastameiri en karlarnir.

Hugverkastofan Patice ehf. var þriðja stærsta hugverkstofan á Íslandi þegar ég seldi nú í sumar. Ég var og er sannfærður um að auður fyrirtækja á 21. öld felist ekki síst í skráðum eignum á hugverkum á sviði atvinnulífsins vegna þess samkeppnisforskots sem gott hugverk veitir.

*Þú selur hugverkastofuna 81 árs gamall, var erfitt að hætta?*

Já, ætli það ekki. Ég á 55 ára starfsferil að baki og var einungis frá vinnu vegna veikinda í einn eða tvo mánuði á öllum þeim tíma. Nú fyrr á árinu fór ég í alls kyns rannsóknir og niðurstaða lækna var að ég væri langstressaður. Í kjölfarið seldi ég samkeppnisaðila rekstur stofunnar og hætta allri lögfræðivinnu.

### Íslenskir lögmenn dapurlega leiðinlegir

*Hvað með félagsstörf hefur þú verið mikið í þeim?*

Ég var fyrsti varamaður á framboðslista Frjálslyndra og vinstri manna í Reykjavík árin 1971-1976. Þar mætti ég oft og tók þátt í borgarstjórnarumræðunni en sagði mig svo úr flokknum vegna óánægju með störf hans. Svo var ég í stjórn Neytendasamtakanna



1982-1987 og skrifaði m.a. lögfræðilegar ráðleggingar sem var beint til Neytendablaðsins. Það var gaman að því.

Ég hef verið á vinstri kantinum í stjórnámálum en ekki verið virkur að öðru leyti en því að ég studdi Kvennalistann. Hanna Mæja, eiginkona mín, var einn af stofnendum þar og mjög virk. Annars finnst mér íslenskir lögmennt vera dapurlega leiðinlegir því að þeir eru svo miklir íhaldsmenn á sviði þjóðmála. Ég fór mjög oft erlendis á hugverkaráðstefnur, einkum til Bandaríkjanna, Norðurlanda og Bretlands. Þar voru alls konar lögmennt og mér finnst þeir íslensku vera allir eins eftir að hafa kynnst lögmönnum annarra þjóða.

Það var heilmikill félagsskapur í kringum okkur hjónin og oft gaman. Ég spilaði golf og stundaði fjallgöngur en hætti því að mestu þegar Hanna Mæja veiktist árið 2010. Hún er nú á hjúkrunarheimilinu Mörkinni en ég losaði mig við flest þetta

efnislega og flutti í íbúð við hliðina. Það gefur mér mjög mikið að vera með henni flesta daga. Nú hef ég bara tíma fyrir gott fólk. Lífið mitt hefur verið yndislegt og er ég mjög þakklátur fyrir allt sem ég hef reynt.

El

## ÁRSREIKNINGAR OG VERÐMAT FYRIRTÆKJA – 26. JANÚAR 2023

Á námskeiðinu verður farið yfir ársreikninga fyrirtækja og viðeigandi aðferðafræði við að greina þá. Fjallað verður um hvaða lykilstærðir rétt er að horfa til í greiningu ársreikninga, þ.m.t. kennitölugeiningu, og lögð áhersla á þau atriði sem mestu máli skipta í núverandi rekstrarumhverfi. Farið verður yfir hvaða atriði skipta máli við mat á greiðsluhæfi fyrirtækja og rekstrarhæfi þeirra. Einnig verður farið yfir einfalt verðmat fyrirtækja og hvaða atriði skipta þar mestu máli. Farið verður yfir raunveruleg íslensk dæmi til að gefa enn dýpri innsýn og skilning á viðfangsefnið.

Námskeiðið var síðast haldið í janúar 2022 við góðar undirtektir þátttakenda sem sögu meðal annars:

- Efnið sett fram þannig að fólk eins og ég með enga eða litla þekkingu áttaði sig á því.
- Námskeiðið stóðst allar mínar væntingar, efnið var skýrt og hnitmiðað og glærurnar gagnlegar.
- Ég tel að ég muni nýta mér þessa þekkingu töluvert, bæði í starfi og almennt.

**Kennari** Elmar Hallgríms Hallgrímsson framkvæmdastjóri hjá Ösp líftryggingarfélagi, lögfræðingur og Ms. í fjármálum fyrirtækja.

**Staður** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

**Tími** Alls 4 klst. **Fimmtudagurinn 26. janúar 2023, kl. 13.00-17.00.**

**Verð** kr. 44.000,- (kr. 4.400,- í afslátt fyrir aðild að LMFÍ og LÍ en kr. 11.000,- í afslátt fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ).

*Skráning á [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)*

## LAGAUMGJÖRÐ ESB UM UMHVERFISMÁL OG SJÁLFBÆRNI – 2. FEBRÚAR 2023

Talsverðar breytingar hafa orðið á regluverki ESB/EES hvað varðar umhverfismál og sjálfbærni sem setja umfangsmiklar kröfur um upplýsingagjöf fyrir fyrirtæki og fjármálageirann, auk annarra skyldna.

Á námskeiðinu verður farið yfir helstu þætti regluverksins og lagafrumvarps sem hefur verið lagt fram á Alþingi um lögfestingu á fyrstu gerðunum um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Þær tvær reglugerðir, sem stendur til að lögfesta, eru reglugerð (ESB) 2019/2088, um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR), og reglugerð (ESB) 2020/852 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (EU Taxonomy). Fyrirhuguð gildistaka laganna er 1. júní 2023.

**Kennarar** Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður á LOGOS og Arnar Sveinn Harðarson lögfræðingur á LOGOS.

**Staður** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

**Tími** Alls 3 klst. **Fimmtudagur 2. febrúar 2023 kl. 15.00-18.00**

**Verð** kr. 42.000,- (kr. 4.200,- í afslátt fyrir aðild að LMFÍ og LÍ en kr. 10.500,- í afslátt fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ).

*Skráning á [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)*

## NÝ RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

### Svanhvít Axelsdóttir

LOGOS lögmannsþjónusta, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, sími: 540-0300

## NÝ RÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

### Ingólfur Vignir Guðmundsson

Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl., Sigtúni 42, 105 Reykjavík, sími: 578-7806

### Jóhann Fannar Guðjónsson

AX lögmannsþjónusta, Hlíðasmára 6, 201 Kópavogi, sími: 867-0015

### Hrannar Jónsson

Landsbankinn, Austurstræti 11, 101 Reykjavík sími: 410-4000

### Krístín Sólnes

Embætti borgarlögmanns, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, sími: 411-4000

### Kári Valtýsson

Fulltingi slf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími: 533-2050

## NÝ RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

### Fjóla Hreindís Gunnarsdóttir

Sjóvá Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5, 103 Reykjavík, sími: 440-2000

### Ólafur Þorri Árnason Klein

Menntasjóður námsmanna, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, sími: 560-4000

## ENDURÚTGEFIN RÉTTINDI

### Anton Ástvaldsson

Sjúkratryggingar Íslands, Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík, sími: 515-0000

### Eiríkur Guðlaugsson

Þjóðkirkjan, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík, sími: 528-4000

### Einar Þorbjörnsson

Sléttuvegi 27, 103 Reykjavík, sími: 8634296

### Grímur Birgisson

Crowberry Capital GP ehf., Bræðraborgarstig 16, 101 Reykjavík, sími: 699-4979

### Hólmfríður Kristjánsdóttir

Kaupstaður fasteignasala, Nóatúni 17, 105 Reykjavík, sími: 454-0000

### Karl Gauti Hjaltason

Grófarsmára 15, 201 Kópavogi, sími: 898-1067

### Sigríður Andersen

Hávallagötu 53, 101 Reykjavík, sími: 822-7709

### Hörður Þór Jóhannsson

Fortis lögmannsstofa, Laugavegi 7, 101 Reykjavík, sími: 520-5800

## BREYTING Á VINNUSTAÐ

### Karl Georg Sigurbjörnsson

Anno 1901 lögmannsstofa, Lækjargötu 4, 101 Reykjavík, sími: 699-3030

### Þuríður B. Sigurjónsdóttir

Íslenskir lögmennt, Reykjavíkurvegi 62, 220 Hafnarfirði, sími: 699-7537

### Marta Jónsdóttir

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, sími: 569-9600

### Björn Atli Davíðsson

Klappir grænar lausnir hf., Hlíðasmára 3, 201 Kópavogi, sími: 519-3800

### Baldvin Már Kristjánsson

Lög og ráðgjöf slf., Lög og ráðgjöf slf., Lækjargötu 4, 101 Reykjavík, sími: 551-8660

### Steinlaug Högnadóttir

CCP ehf., Bjargargötu 1, 102 Reykjavík, sími: 540-9160

### Karl Óttar Pétursson

FIT, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík, sími: 540-0100

## NÝTT HEIMILISFANG

### Andrés Már Magnússon

Prima lögmennt, Hafnarstræti 97, 5. hæð, 600 Akureyri, sími: 4612098

### Páll Ágúst Ólafsson

Málsefni lögmannsþjónusta, Laugavegi 178, 2. hæð, sími: 888-2600

# PRENTUN

## Litla & prent

Umhverfissvæn og svansvottuð prentsmiðja - [www.litlaprent.is](http://www.litlaprent.is)





*Gleðileg jól, farsælt komandi ár*

BBA // FJELDCO

**Deloitte.**  
Legal



**Bótaréttur**  
Innheimta slysa- og skaðabóta



**ADVEL**

**KPMG**  
Law

**Pacta.**

  
**pwc**

 **NOVUM**  
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA

**LOGOS**

Reykjavík · London

**LR**

Lögfræðistofa Reykjavíkur

**FORTIS**  
Lögmannsstofa



Mörkin lögmannsstofa hf.  
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík  
Sími 414 4100 · [www.law.is](http://www.law.is)